

M27

RAFORKUMÁLASTJÓRI

MÁLASAFN

643

i hillu

6

Tenging Andakílsárvirkjunar og Sogs

eftir  
Gísla Jónsson

Tenging Andakílsárvirkjunar og Sogsins.I. FLUTNINGSPÖRF LÍNUNNAR

Í raforkuneyzuspá fyrir Suðvesturland fram til 1970 eftir E.S.I. og J.B. er gert ráð fyrir, að árið 1970 verði raforkunotkun í sveitum 10.500 kWh/býli í almenna notkun, 8.400 kWh/býli í húshitun og því samtals 18.900 kWh/býli. Samkvæmt 10 ára ástluninni munu 226 bær í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hafa fengið rafmagn árið 1963. Gert verður ráð fyrir, að þar munu 250 bær hafa fengið rafmagn árið 1970. Samkvæmt þessu og ofangreindri spá, verður orkupörfin í Snæfells-, Mýræ- og Borgarfjarðarsýslu árið 1970 sem hér segir:

Svæði	Notkun í GWh		
	Alm. notkun	Húshitun	Samtals
Akranes og Bergarnes	13,0	20,0	33,0
Mýra- og Borgarfj.s.	2,6	2,1	4,7
Snæfellsnes	6,0	8,5	14,5
	21,6	30,6	52,2

Til staðar eru eftirtaldar virkjanir:

Rjúkandi á Snæfellsnesi. Uppsett vélaafl er 0,84 MW. Virkjað rennsli er minna en minnsta rennsli, svo ofangreint afl er byggt og möguleg orkuvinnsla því ca 7 GWh.

Andakílsá í Borgarfirði. Uppsett vélaafl er 3,5 MW. Samkvæmt greinargerð Lofts Þorsteinessnar, dags. 3. apríl, 1954, má fá með aukinni miðlun í Skorradalsvatni, um 28 GWh í meðalvatnári, en 21 GWh í lélegu vatnsári.

Heildarorkupörfin fyrir allt svæðið er 52 GWh. Reiknað er með 20% dreifitöpum. Orkupörfin í aflestöð verður því ca 62 GWh. Heildarnýtingartíminn er ástlaður 4500 h/ári. Aflþörfin verður því ca 14 MW.

Hagkvamast mun vera að láta Rjúkandavirkjunina gefa sína orku út á netið sem grunnorku, þar eða virkjunin hefur nágilegt vatn til að gefa virkjað afl, p.e. 0,84 MW, allt árið.

Með því að athuga einkennandi langveislinu, má sjá að mesta afl, sem að öllu svæðinu þarf að flytja, verður  $14 - (3,5 + 0,8) = 9,8$  MW, auk þess afsl, sem sementsverksmiðjan á Akranesi kemur til með að þurfa. Nýtingartími hennar mun verða mjög langur, svo reiknað verður með, að sementsverksmiðjan noti svo til konstant afl allt árið. Aflþörf hennar er áætluð 1,5 MW. Heildarþflþörfin verður því 11,3 MW, sem að þarf að flytja.

Gert er ráð fyrir, að raunstúðullinn fari ekki niður fyrir 0,9. Svarar það til að allt svæðið þarf 15,5 + 17,5 MVA. Reiknað er með, að vélarnar í Andakílsárvirkjun og Rúkandavirkjun geti gefið raunafl við  $\cos \varphi = 0,8$ . Þær geta þá framleitt 3,25 MVAr. Að þarf að flytja 11,3 + 14,25 MVA, sem svarar til  $\cos \varphi = 0,936$ .

## II. LAUSLEG KOSTNADARÆTLUN

Ef tengja á saman Andakílsárvirkjunina og Sogsvirkjunina, virðast vera um tvo möguleika að ræða, þ.e.

1. Tengja saman Reykjavík og Akranes. Gamla Sogslínan notuð frá Elliðaáum og inn í Leirvoga. Þaðan lögð 50 mm<sup>2</sup> lína upp að Hjarðarnesi. Haldið síðan áfram með 50 mm<sup>2</sup> söstreng yfir Hvalfjörð og svo þaðan lögð 50 mm<sup>2</sup> lína til Akraness.
2. Sogsvirkjunin tengd við Akranes. Gamla Sogslínan notuð frá Segi að Leirvogum. Þaðan yrði svo sams konar lína og greint er frá í líð 1.

Í báðum tilfellum er gert ráð fyrir 60 kV línu. Varla kemur til greina að fara með línu frá Seginu, yfir Botnsheiði og til Akraness eða Andakílsárvirkjunar í þeim tilgangi að nota línuna til að tengja hugsanlega virkjun Botnsár við Sogsvirkjunina eða Andakílsárvirkjunina. Ef Botnsá yrði virkuð, mundi varla um minna afl að ræða en 30-40 MW, en til þess að flytja það, er 60 kV lína ófullinsagjandi.

Áætlaður kostnaður  $50 \text{ mm}^2$ , 60 kV línu er 140 þús. kr. pr. km. Verð sæstrengsins, sem er  $50 \text{ mm}^2$ , 4 km, áætlast 350 þús kr/km. Til viðbótar kemur lagning sæstrengsins, en hana er mjög erfitt að áætla. Til greina virðist geta komið eftirfarandi fyrirkomulag við lagningu strengsins.

- 1) Leiga vitaskipið Hermóð, sem tekki sæstrenginn um borð í Reykjavík.
- 2) Leiga Hermóð og senda hann út eftir strengnum.
- 3) Leiga sérstakt skip erlendis, sem þá kumi með strenginn.
- 4) Kaupa strenginn lagðann í fjörönn.

Liðir 2), 3) og 4) koma varla til greina nema leggja fleiri sæstrengi í senn, t. d. til Vestmannaeyja.

Samkvæmt áætlun Ólafs Gislasonar frá september 1954, er verð vitaskipsins Hermóðs til lagningar sæstrengs 8.000 kr/sólarhring. Þar til kemur leiga trillu, sem kostar ca. 1000 kr/sólarhring.

Reiknað verður með, að leiga þurfi Hermóð og trillu í 2 sólarhringa, en það gerir 18.000 kr. Þar eð gera má ráð fyrir, að Hermóður kosti eitthvað meira nú en 1954, verður kostnaðurinn við lagningu sæstrengsins áætlaður 20.000 kr. Samkvæmt ofangreindu, mun sæstrengurinn kosta 1,42 millj. kr. niðurkominn, en þar eð áætlunin er öll mjög óviss, verður reiknað með heildarverðinu 1,5 millj. kr.

Gildleiki gömlu Sogslínunnar er  $50 \text{ mm}^2$  og lengd 44,5 km. Verð hennar áætlast 80 þús. kr/km.

Samkvæmt mynd 1. er lengd loftlinunnar frá Akranesi til Leirvogs, þar sem hún kemur inn á gömlu Sogslínuna, 26 km.

Verð lílinunnar frá Akranesi til Leirvogs, ásamt sæstrøng, verður því:

25 km, $50 \text{ mm}^2$ loftlína á 140 þús kr/km	3,6 millj. kr.
4 km, sæstrengur, $50 \text{ mm}^2$	<u>1,5</u> " "
	5,1 millj. kr.

Lengd gömlu Sogslínunnar frá Leirvog til spennistöðvarinnar við Elliðaár er 10 km og kostar því sá hluti 0,8 millj. kr.

Hinn hluti línumnar er på 34,5 km og kostar 2,8 millj. kr.


Verð þeirra tveggja mismunandi lína, sem koma til greina, verður þá sem hér segir:

Akranes - Reykjavík	5,9 millj. kr.
Akranes - Sog	7,9 millj. kr.


### III. FLUTNINGSGETA LÍNUMNAR

Riðstraumsviðnám loftlínnanna er sett  $0,35 + j0,40$  ohm/km. Ohmskt viðnám sestrengsins er  $0,349$  ohm/km, spanhæfni  $0,430$  mH/km og rýmd  $0.220 \mu\text{F}/\text{km}$ . Raðarviðnám strengsins, sem er 4 km, er på  $1.4 + j0.54$  ohm og afleiðsla hans í hvorum enda  $7.2 \cdot 10^3$  ohm (reiknað með nominellu  $\pi$  strengsins).


#### 1. Viðnámsrit línumnar Reykjavík - Akranes:



$\pi$ -lið sestrengsins er breytt í T-lið og fest på:




Við að draga þetta saman og breyta shunt-impedansinum í admittans, fest



Þessum T-líð er loks breytt í  $\pi$ -líð og fæst þá

$$Z = 14,0 + j15,0$$



- A. Flutningsgeta línumnar með 66 kV í Reykjavík og 60 kV á Akranesi, þ. e. 9,1% spennufalli.  
Spennufallið ákvæðst af (með nálgun)

$$\Delta U = \frac{P \cdot P_2 + X(Q_2 - Q_{c2})}{U_2} = \frac{14,0 \cdot P_2 + 15,0 (Q_2 - Q_{c2})}{60} = 6,0$$

$$Q_{c2} = U_2^2 \cdot Y_2 = 60^2 \cdot 10^6 \cdot 2000 \cdot 10^{-6} = 720.000 \text{ VAr}$$

$$Q_{c2} = 0,72 \text{ MVAr.}$$

Með því að innleiða  $Q_{c2} = 0,72 \text{ MVAr}$  og  $Q_2 = P_2 \cdot \operatorname{tg} \varphi$   
fæst

$$(14,0 + 15,0 \cdot \operatorname{tg} \varphi)P_2 = 360 + 15,0 \cdot 0,72$$

$$P_2 = \frac{349,2}{14,0 + 15,0 \cdot \operatorname{tg} \varphi} \text{ MW}$$

Flutningsgeta línumnar með 60 kV á Akranesi:

$$\cos \varphi = 1,0; \quad \operatorname{tg} \varphi = 0; \quad P_2 = 25,0 \text{ MW}$$

$$" = 0,95; " = 0,328; " = 18,5 "$$

$$" = 0,90; " = 0,484; " = 15,4 "$$

$$" = 0,80; " = 0,750; " = 13,8 "$$

B. Spennufall við  $11,3 + j4,25 \text{ MVA}$  aflflutning til Akranessi:


$$\Delta U = \frac{14,0 \cdot 11,3 + 15,0 (4,25 - Q_{c2})}{U_2} \text{ KV}$$

$$U_{c2} = U_2^2 \cdot 200 \cdot 10^{-6} \text{ MVAr.}$$

$$\text{Með þrófun finnst } U_2 = 62,6 \text{ kV: } \Delta U = 3,4 \text{ KV} = 5,1 \%$$

2. Viðnámerit línumnar Sog - Akranes:


$$3,3+j3,8 \text{ ohm} \quad 0,70+j0,27 \text{ ohm} \quad 0,70+j0,27 \text{ ohm} \quad 17,9+j20,4 \text{ ohm}$$



Við að draga þetta saman og breyta shunt-impedansinum í ddmittans, fæst


$$Z_2 = 4,0+j4,07 \text{ ohm}$$

$$Z_1 = 18,6+j20,7 \text{ ohm}$$



Þessum T-lið er breytt í  $\pi$ -lið og fæst þá

$$Z = 22,6+j24,8$$



A. Flutningsgeta línumnar með 66 kV í Sogi og 60 kV á Akranesi, þ.e. 9.1 % spennufalli:

$$Q_{c2} = U_2^2 \cdot Y_2 = 60^2 \cdot 231 \cdot 10^{-6} = 0.83 \text{ MVar.}$$

A sama hátt og áður fæst

$$P_2 = \frac{340}{22,6 + 24,8 + \operatorname{tg} \varphi} \text{ MW}$$

Flutningsgeta línumnar með 60 kV á Akranesi.

$$\begin{aligned} \cos \varphi &= 1,0; & \operatorname{tg} \varphi &= 0; & P_2 &= 15,0 \text{ MW} \\ " &= 0,95; & " &= 0,328; & " &= 11,1 " \\ " &= 0,90; & " &= 0,484; & " &= 9,8 " \\ " &= 0,80; & " &= 0,750; & " &= 8,3 " \end{aligned}$$

B. Spennufall við 11,3 + j4,25 MVA aflflutning til Akraness:

$$\Delta U = \frac{22,6 - 11,3 + 24,8 (4,25 - Q_{c2})}{U_2} \text{ KV}$$

$$Q_{c2} = U_2^2 \cdot 231 \cdot 10^{-6} \text{ MVar.}$$

Með þrófun finnst  $U_2 = 60,4 \text{ kV}$  :  $\Delta U = 5,6 \text{ kV} = 8,5\%$

### 3. NIDURSTÖÐUTÖLUR

Flutningsgeta með 60 kV á Akranesi (9.1% spennuf.).

$\cos \varphi$	Akranes-Reykjavík MW	Akranes-Sog MW
1,00	25,0	15,0
0,95	18,5	11,1
0,90	16,4	9,8
0,80	13,8	8,3

Spennufall við 11,3 + j4,25 MVA aflflutning til Akraness,  
þ. e. aflþörf 1970:

Akranes - Reykjavík  $U_2 = 62,6 \text{ kV}$  :  $\Delta U = 3,4 \text{ kV} = 5,1\%$

Akranes - Sog  $U_2 = 60,4 \text{ "}$  :  $\Delta U = 5,6 \text{ kV} = 8,5\%$

Verð:

Akranes - Reykjavík 5.9 millj. kr.

Akranes - Sog 7.9 " "

Reykjavík, 11. maí, 1956

*Göði Jónasson*

# 5 \* 56 G.I  
Til. 28  
A 24-27  
Fnr. 3339

Ratorkumalutjörn

Funamor fyr med Sogn-  
virkiuninu með 60 kft floars.

M 1:10 000



113 A3

SIS 73 25 01

ESSELTE  
4402